

Fundargerð 297. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 297. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 8.október 2020 á TEAMS og á Nauthól í lok Haustráðstefnu félagsins.

Efni fundar:

- Rýni á Haustráðstefnu Stjórnvísí 2020 – hvað var vel gert og hvað má betur fara.
- Fundur með fagráði
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Önnur mál

Dags.fundar: 8.október 2020	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 297
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Jón Gunnar Borgþórsson og Ingi Björn Sigurðsson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- 1. Rýni á Haustráðstefnu Stjórnvísí 2020 – hvað var vel gert og hvað má betur fara.** Haustráðstefna Stjórnvísí var haldin í dag þann 8.október á Nauthól og var streymt beint frá ráðstefnunni á visir.is Alls bókðu sig 200 manns á vef félagsins og fjöldi manns fylgdist með ráðstefnunni á youtube í gegnum visir.is og facebooksíðu félagsins. Ráðstefnan bar yfirskriftina „AÐLÖGUN EÐA ANDLÁT“ Fyrirlesarar mættu í Nauthól þar sem tæknilið streymdi beint og keyptur var sérstaklega hljóðmaður sem útvegaði klemmuhljóðnema fyrir hvern og einn fyrirlesara. Passað var sérstaklega vel upp á að sóttgreinsa púlt á milli fyrirlesara og ráðstefnustjóra. Formaður Stjórnvísí setti ráðstefnuna stundvíslega klukkan 09:00 og að því loknu tók Þórunna K. Jónsdóttir markaðs- og kynningarstjóri Samtaka verslunar og þjónustu við ráðstefnustjórn. Fyrirlesarar voru þau:
Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð.
Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi.
Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga Landspítala.
Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Grid.
Darri Atlason, Head Of Business Development at Lucinity.

Í lok hvers erindis fyrirlesara gafst ráðstefnugestum kostur á að skrifa inn helsta lærdóm sem þeir tækju með sér af erindinu í Slido og einnig að spyrja spurninga. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu var ákveðið að sleppa pallborðsumræðum með 2ja daga fyrirvara og leyfa í þess stað fyrirspurnir til hvers fyrirlesara. Engir áheyrendur voru í Nauthól, einungis tæknimenn, ljósmyndari, ráðstefnustjóri og aðstandendur

ráðstefnunnar. Aðlögunin gekk vel, upptakan gekk vel, fengum góða styrki fyrir ráðstefnunni, Allir hittust á Teams fyrir fjórum vikum síðan sem skiptir miklu máli. Hefði mátt vera betri lýsing á fyrirlesurum. Í Q/A væri best að hægt væri að filtera spurningar á hvern fyrirlesara fyrir sig. Aðalheiður Ósk ætlar að senda athugasemd á SLIDO. Hefði mátt vera betri lýsing almennt í salnum hjá þeim fyrirlesurum sem löbbuðu um salinn.

2. **Fundur með fagráði** er áætlaður 27. október nk. Hann verður færður fram í nóvember ef stífar takmarkanir verða enn í gildi. Stjórn var sammála um að mikilvægt er að fá að hitta fagráðið. Búið er að senda þeim fundargerð vinnufundar stjórnar frá því í vor ásamt linkum og fréttum frá því helsta sem hefur verið á döfnni. Mikilvægt er að fagráð sé sem best undirbúið og geti gefið félaginu góð ráð úr sínum viskubrunni.
3. **Fréttir af faghópum.** Dagskrá frá faghópum var send út í byrjun September og voru í henni drög að 127 fundum. Mikið hrós hefur borist til Stjórnvísí varðandi hve dagskráin er áhugaverð og fjölbreytt. Fjöldi félaga á fundum í ágúst og september er umtalsvert meiri en á sama tíma í fyrra en fjöldi funda í október er kominn í 17 og var 15 í fyrra. Skráðir fundir í nóvember eru orðnir 10 og búið að skrá inn fund í hverjum einasta mánuði fram í júní 2021. Ný fyrirtæki og stofnanir eru að skrá sig í Stjórnvísí sem eru ánægjuleg tíðindi.
4. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí** er í takt við áætlun.
5. **Staða verkefna** (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: **Ásdís**, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn

1. Teams
2. Podcast
3. Mælaborðið
4. Markaðsmál og sýnileiki.

2. Markaðsmál og sýnileiki

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla

1. Meðal aðila að Stjórnvísí
2. Utan félagsins
3. LinkedIn
4. Selfoss, Akureyri – Samstarf með háskólanum á Akureyri
5. Heimasíðan
6. Markviss fjölgun fyrirtækja
7. Markviss fjölgun háskólanema . Hvetja faghópa til að tala við deildir og kennara og t.d. fá 5 bestu nemendur til að kynna niðurstöður

3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís,

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin
5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri

7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land
 8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
 9. Sinnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma
- Önnur verkefni:** EFQM? Íslensku gæðaverðlaun?
6. **Önnur mál.**
 - Fyrirmyndarfyrirtæki